

Fundargerð 8. fundar ferðamálaráðs - föstudagur 28. janúar 2011

Fundurinn var haldinn á Hótel Borg kl. 11:30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Dofri Hermannsson, Ásbjörn Jónsson, Unnur Halldórsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og Helga Haraldsdóttir.

Forföll: Aldís Hafsteinsdóttir og Ragnheiður Hergeirsdóttir boðuðu forföll ásamt Ólöfu Ý. Atladóttur áheyrnarfulltrúa.

Helena Þ. Karlsdóttir, formaður nefndar iðnaðarráðherra um endurskoðun laga um skipan ferðamála, lögræðingur á Ferðamálastofu, var gestur fundarins.

1. Fundargerð síðasta fundar þ. 10. nóvember 2010 samþykkt.

2. Breyting á lögum um skipan ferðamála.

Helena Þ. Karlsdóttir fór yfir verkefni og starf nefndar um endurskoðun laga um skipan ferðamála og urðu töluverðar umræður um það sem hún kynnti fyrir ferðamálaráði: Leyfismál; tryggingar, tímalengd leyfa og hækkun leyfisgjalda. Einnig hugmyndir um að leggja skuli fram öryggisáætlun, áhættumat, viðbragðsáætlun og dagsektir vegna tafa á framlagningu tyrggingar eða vegna leyfislausrar starfsemi. Þá kynnti Helena hugmyndir nefndarinnar um gildistöku laganna og ákvæði varðandi endurnýjun leyfa. Ferðamálaráð fagnaði þessari mikilvægu vinnu við endurskoðun laganna og beinir þeim tilmælum til nefndarinnar að sérstaklega skuli fjallað um stöðu upplýsingamiðstöðva enda þurfi að skýra stöðu þeirra í kerfinu og gera skýrar kröfur til starfseminnar svo hún standist gæðakröfur.

3. Staða frumvarps iðnaðarráðherra um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og frumvarps fjármálaráðherra um farþegagjald og gistináttagjald.

HH fór yfir hvar frumvörpin væru stödd í þinginu en mælt hefur verið fyrir báðum frumvörpunum, en rétt um sólarhringur frá því að seinna frumvarpið var lagt fram og því hefur ferðamálaráði ekki borist beiðni um umsögn vegna þess.

4. Umsögn til Alþingis um frumvarp um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Ferðamálaráð lýsir yfir ánægju sinni með að ríkisvaldið hyggist taka af festu á þeim vanda sem skapast hefur á fjölsóttum ferðamannastöðum víða um land og fagnar ráðið því eindregið stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Umsögn ferðamálaráðs um frumvarp um Framkvæmdasjóð ferðamannaáæta er hins vegar óhjákvæmilega nátengd skoðun ráðsins á tillögum um fjármögnun hans - þ.e. innheimtu farþegagjalds og gistináttagjalds. Æskilegt væri því að fjalla um þessi tvö frumvörp í samhengi.

Til að fjalla eingöngu um það frumvarp sem hér er til umsagnar leyfir ferðamálaráð sér að lýsa yfir furðu sinni yfir að ekki sé gert ráð fyrir að farþegagjaldið og gistináttagjaldið, sem stefnt er að innheimtu á, renni óskert í þennan mikilvæga sjóð og vísar þar til ályktana sinna af fyrri fundum þar sem segir:

Ferðamálaráð telur afar mikilvægt að allar tekjur af fyrirhuguðu umhverfisgjaldi á ferðapjónustu renni óskertar til Framkvæmdasjóðs ferðapjónustunnar svo stuðla megi að kraftmikilli uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannaáæta um land allt. Mörg og brýn verkefni brenna á stjórnvöldum og greininni í þessu efni því viðhald og uppbygging undangenginna ára hefur verið af allt of skorum skammti miðað við vöxt ferðapjónustu og mikilvægi hennar í íslensku efnahagslífi. Tilkoma öflugss Framkvæmdasjóðs ferðapjónustunnar er því lykilatriði ef takast á að vernda náttúru landsins og byggja upp íslenska ferðapjónustu til framtíðar.

Jafnframt virðist frumvarpið mismuna landeigendum eftir hvort um er að ræða opinbera eða einkaaðila. Í 1. gr. 2. lið skilyrða fyrir úthlutun segir: „Framlög til einkaaðila eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannaáæti sem eru ávallt opinir almenningi án endurgjalds.“ Engin sambærileg krafa er gerð vegna ferðamannaáæta í opinberri eigu og gerir ferðamálaráð athugasemd við þetta.

5. Samstarf stoðkerfis iðnaðarráðuneytisins.

HH sagði frá samsetningu stoðkerfis iðnaðarráðuneytisins og stóruknu samstarfi innan þess sem verið væri að innleiða með skipulögðum hætti, m.a. á sviði ferðamála og nefndi dæmi um slíkt samstarf. Ráðsmenn fögnuðu breyttum vinnubrögðum.